



Avi Feldman, rabbini verðandi trúfélags gyðinga á Íslandi, heldur hér á Torah rollu sem er grundvöllur hvers samfélags gyðinga, og litli söfnuðurinn fékk að gjöf frá svissneskum hjónum. Söfnuðurinn hyggst gerast formlegt trúfélag hér á landi. „Við lesum og lærum úr Torah og það gefur okkur andagift, gildi og leiðsögn,“ segir rabbinninn. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Milestone-mál á dagskrá MDE

Kæfur Karls Wernerssonar og tveggja endurskoðenda Milestone fá efnismeðferð hjá Mannréttindadómstóli Evrópu. Dómur verður kveðinn upp í máli Sigríðar Elínar Sigfúsdóttur í Strassborg í næstu viku.

DÓMSMÁL Mál Karls Wernerssonar og tveggja endurskoðenda Milestone fá efnismeðferð hjá Mannréttindadómstóli Evrópu (MDE), samkvæmt ákvörðun sem kynnt var fyrir mánuðinum.

Karl, sem var bæði hluthafi og stjórnarmaður í Milestone, var ákærður fyrir umboðssvik og fleiri brot árið 2013. Karl var sýknaður í héraði en Hæstiréttur sneri dómnum við og sakfelldi hann fyrir alla ákæruliði og dæmdi hann í fangelsi í þrjú og hálft ár.

Endurskoðendurnir voru einnig sýknaðir í héraði en sakfelldir

að hluta í Hæstarétti fyrir stórfelld brot á lögum um ársreikninga.

Kæfur þeirra til MDE lúta meðal annars að því að Hæstiréttur hafi snúið við sýknuðomi í héraði án þess að hljóða á vitnisburði sakborninga eða annarra vitna. Í stað þess hafi Hæstiréttur endurmetið trúverðugleika og sönnunargildi framburðar, sem veittur var í héraði, en dómurinn í Hæstarétti sjálfir ekki hlustað á, í andstöðu við rétt þeirra á réttlátri málsmeðferð, samannber 6. grein Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í kæru Karls til MDE er því einn-



Karl Wernersson.

ig haldið fram að hann hafi ekki verið dæmdur af óvilhðllum dómstóli vegna fjárhagslegra hagsmuna dómara í Hæstarétti. Er í kvörtuninni vísað til hlutfjäreignar fjögurra af fimm dómurum Hæstaréttar sem felldu dóm í máli hans; Grétu

Baldursdóttur, Markúsar Sigurbjörnssonar, Ólafs Barkar Þorvaldssonar og Viðars Mús Matthíassonar.

MDE hefur áður kveðið upp á fellisdóma gegn íslenska ríkinu á þeim forsendum sem vísað er til í málunum. Fjallað var um milliliðalausa sönnunarfærslu í Vegasmálinu svokallaða og í máli um verðsamráð Húsasmíðjunnar og Byko. Þá var til dæmis fjallað um hlutfjäreign dómara í máli Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings, og von er á dómi MDE í máli Sigríðar Elínar Sigfúsdóttur gegn Íslandi á þriðjudag. — að

Bjóða kínverska seðla í skiptum

SÖFN „Þau voru búin að tilkynna um komu sína en við bjuggumst ekki við þessari veglegu gjöf frá þeim,“ segir Sæmundur Ámundason, framkvæmdastjóri Melrakkasetursins í Súðavík, sem fékk jafnvirði 300 þúsund króna framlags frá kínverskum nemendum.

Sæmundur leitar nú að einhverjum sem getur skipt á kínverskum peningaseðlum og íslenskum krónum, því bankar hérlandis taka ekki við kínverskum seðlum. Kínverska sendiráðið getur heldur ekki leyst vandann. — khg / sjá síðu 2



Nýr réttur!

Lambasteik

MEÐ BÉARNAISE-SÓSU OG KARTÖFLUGRATÍNÍ

Heit málið, tilbúið á 12 mín.

Hægeldun tryggir að vítamín og næringarefni halda sér.

Íslensk framleiðsla, íslenskt kjöt, án allra rotvarnarefna.

1944
MATUR FYRIR
SJÁLFTÆÐA
ÍSLENDINGA



Álver Ísal. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Orkan hér verði samkeppnishæf

STÓRIÐJA „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á stjórnvöld og aðra hlutaðeigandi að vinna að því að Ísland verði samkeppnishæft fyrir fyrirtæki sem nýta umhverfisvæna orku fyrir starfsemi sína,” segir í bókun sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti samhljóma í gær.

» Álverið í Straumsvík er fyrirtæki sem margir byggja afkomuna á, itrekar bæjarstjórnin í Hafnarfirði.

Kveðst bæjarstjórnin hafa áhyggjur af óvissu um starfsemi álversins í Straumsvík. Er þar væntanlega vísað til fregna um að Río Tinto boði samdrátt í framleiðslu í Straumsvík eða að hún verði jafnvel alveg lögð af. Er það sagt vera vegna orkuverðs sem félagið greiðir samkvæmt samningi þess við Landsvirkjun og félagið segir ekki vera samkeppnisfært við það sem öðrum álverum standi til boða, bæði á Íslandi og erlendis.

„Er um að ræða rötgröið fyrirtæki sem margir Hafnfirðingar byggja afkomu sína á,” undirstrikar bæjarstjórnin. –gar

Í viðbragðsstöðu gegn hryðjuverkum



Rússneska alríkislögreglan hélt viðbragðsæfingar gegn hryðjuverkum í gær. Hér má sjá þungbúna sersveitarmenn á stefnum æfingum á Shuvakish lestarstöðinni í Jekaterinburg, Rússlandi. Þar reðust þeir inn í lestirnar og skutu þar á myndir af meintum hryðjuverkamönnum. MYND/GETTY

KRÓNAN

Mmm... mangó best núna!

Krónan mælir með!

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Torah rolla fyrir nýtt félag gyðinga á Íslandi

Íslenski gyðingasöfnuðurinn hefur fengið að gjöf Torah rollu frá svissneskum hjónum. Samkvæmt rabbína safnaðarins er slík rolla grundvöllurinn að hverju samfélagi. Söfnuðurinn er nú að sækja um að gerast formlegt trúfélag.

TRÚMÁL Íslenski gyðingasöfnuðurinn fékk í síðustu viku afhenta Torah rollu að gjöf. Avi Feldman rabbíni segir þetta einstaklega mikilvægt því Torah sé undirstaða hvers gyðingasamfélags.

„Torah er biblían, handskrifuð á fornhebresku, á pergamenti sem hvert samfélag gyðinga verður að eiga. Við lesum og lærum úr Torah og það gefur okkur andagift, gildi og leiðsögn,” segir Feldman. „Torah skilgreinir okkur sem þjóð.”

Segir hann Torah eins konar stjórnskrá gyðinga, sem eru ekki þjóðríki. Gyðingar hafi orðið þjóð áður en þeirattu land.

Gjöfin kom frá svissnesku hjónum Adinu og Uri Krausz, í til efni af 50 ára afmæli Uri, en þau eru búsett í borginni Zürich. Komu þau til Íslands til þess að afhenda gjöfina með viðhöfn.

„Þau vildu gera eitthvað sérstakt og ákváðu því að gefa Torah til safnaðar sem þarfnæðist ritsins. Af einhverjum ástæðum völdu þau okkur og við erum vitaskuld afar þakklát,” segir Feldman.

Torah er engin smámiði í framleiðslu og það tekur heilt ár að skrifa rolluna upp. Feldman getur ekki nefnt neina ákveðna tölu hvað rollan kostar, en það samsvari heildarárslaunum einnar mannesku. „Síðasti stafurinn var ritaður hérna á Íslandi, sem hefur sérstaka merkingu fyrir okkur.”

Það tekur nokkra þjálfun að lesa úr rollunni, en textarnir eru einnig til í venjulegum prentuðum bókum. Rollan er aðeins notuð þegar söfnuðurinn kemur saman, svo sem í



„Við erum vitaskuld afar þakklát,” segir Avi Feldman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

» Verðmæti Tora rollu samsvarar árslaunum einstaklings.

athöfnum og á helgidögum okkar.

Feldman, sem er upprunalega frá Brooklyn í New York, kom til landsins með fjölskyldu sinni vorið 2018. En fram að því hafði ekkert utanumhald verið um samfélag gyðinga á Íslandi, sem er mjög fámenn. Feldman segir að verið sé, í samstarfi við lögmann, að koma

því í kring að söfnuður gyðinga verði skráður sem trúfélag. En það er meðal annars forsenda fyrir því að hægt sé að afla sóknargjalda.

„Við erum búin að fylla út alla pappíra og skila þeim inn. Lögmaður okkar býst við því að þetta verði samþykkt í næsta mánuði,” segir Feldman.

Félagið fékk 25 meðmælendur, sem er lágmarksfjöldi til þess að sýslumaður geti staðfest það. Meðmælendurnir þurfa hins vegar ekki að vera skráðir í félagið og Feldman segist ekki vita hversu stór söfnuðurinn verður.

kristinnhaukur@frettabladid.is